

Umsögn UST

Til : Skipulagsstofnun - SLS; Jakob Gunnarsson - SLS
Frá : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
CC : Axel Benediktsson; Egill Þórarinnsson - SLS;
Heiti : Umsögn UST
Málsnúmer : 202304016
Málsaðili : Heiðarás ehf.
Skráð dags : 02.06.2023 00:00:00
Höfundur : Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Viðhengi image003.jpg
image002.png

Góðan dag.

Umhverfisstofnun telur að sjónarmið stofnunarinnar hafi komið nægilega vel fram í fyrri umsögn og telur því ekki þörf að að gera nýja umsögn.

Takk fyrir.

Bestu kveðjur, Best regards
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri
Teymi starfsleyfa og umsagna



From: Umhverfisstofnun
Sent: fimmtudagur, 1. júní 2023 13:23
To: Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Subject: FW: Efnistaka í Skálabrekku, Bláskógabyggð - umsagnarbeiðni

UST202306-010

From: Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
Sent: fimmtudagur, 1. júní 2023 11:44
To: Umhverfisstofnun <ust@ust.is>



**UMHVERFIS
STOFNUN**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2022
UST202211-103/H.G.
08.30.02

Umsögn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi – Heiðarás ehf.

Vísað er til erindis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til Umhverfisstofnunar, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn Umhverfisstofnunar um beiðni frá Heiðarás ehf., dags. 6. nóvember sl., um undanþágu skv. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2016 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Í 16. gr. reglugerðar nr. 650/2016 segir að óheimilt sé að hefja nýjan atvinnurekstur á verndarsvæðinu sem er starfsleyfisskyldur skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit (sem kemur í stað reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun) kemur fram að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka, skuli hafa gilt starfsleyfi. Efnistaka er starfsleyfisskyld skv. IV. viðauka laga nr. 7/1998 og X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Í beiðni umsækjanda kemur fram að ástæða umsóknar um undanþágu sé sú að lítið er um malarnámur á svæðinu og jarðlögin raunar þannig að óvíða er auðvelt að komast í góða mól sem hefur orðið m.a. til þess að efni er flutt um langan veg inn á svæðið úr námum ofan af Hellisheiði og neðan úr Ingólfsfjalli. Að mati umsækjanda er því ljóst að það er mun umhverfisvænna ef hægt er að taka sambærileg efni úr jörð á svæðinu og stórminnka allan þennan flutning með tilheyrandi mengun og álagi á vegi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að eftirfarandi þáttum við afgreiðslu umsóknarinnar.

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027

Í erindinu kemur fram að á árunum 2004 til 2006 voru teknir um 4.700 m³ af efni úr námunni til uppbyggingar vega við frístundasvæði Skálabrekku.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að staðsetning á fyrirhugaðri námu virðist ekki vera í samræmi við skipulagsupphrátt gildandi aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 - 2027. Auk þess er óljóst hvort vísað sé í fyrirhugaða námu í greinargerð skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem athafnasvæðið er innan verndarsvæðis Þingvallavatns sé mikilvægt að svæðið sé formfast í skipulagsáætlun sveitarfélagsins.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að efnistakan er tilkynningarskyld framkvæmd skv. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem um er



UMHVERFIS STOFNUN

að ræða framkvæmd sem er að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka en er fyrirhuguð á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Með tilliti til verndarákvæða um verndun er mikilvægt að mati stofnunarinnar að framkvæmdin fái þá málsmeðferð í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Námur

Umhverfisstofnun bendir á að rétt er að fáar námur eru á svæðinu en næstu námur eru í Öxará og Svartagili og í raun er hvorug þeirra náma fýsilegur kostur til framtíðar að mati stofnunarinnar. Varðandi efnistöku innan vatnsverndarsvæðis er ekki mikil hættu á mengun vegna olíuleka þar sem ekki verður viðvera tækja í námunni. Í fljótu bragði virðist vera meiri áhætta vegna mengunar ef olía fer að leka af tækjum sem notuð eru nær Þingvallavatni. Því ætti að leggja áherslu á skoðun tækja sem notuð eru nærri vatninu og að gerð sé viðbragðsáætlun ef olía fer að leka af tækjum.

Umhverfisstofnun hefur lengi bent á að fara eigi varlega í uppbyggingu nærri Þingvallavatni sem gæti rýrt vatnsgæði því í framtíðinni er ekki ólíklegt að neysluvatn höfuðborgarsvæðisins muni koma frá vatnasviði Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun telur að umrædd efnistaka muni í sjálfu sér ekki vera líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Efnið verður nýtt við mannvirkjagerð sem þegar hefur verið skipulögð við Þingvallavatn. Umhverfisstofnun vill benda á að fara ætti varlega þegar byggð er aukin við Þingvallavatn með vatnsvernd til lengri framtíðar í huga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

RE Efnistaka í Skálabrekku í Bláskógabyggð - Umsögn Heilbrigðiseftirlitsins

Til : Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
Frá : Stella Hrönn Jóhannsdóttir <stella@hsl.is>
CC : hs@hsl.is <hs@hsl.is>
Helti : RE Efnistaka í Skálabrekku í Bláskógabyggð - Umsögn Heilbrigðiseftirlitsins
Málsnúmer : 202304016
Málsaðili : Heiðarás ehf.
Skráð dags : 05.06.2023 00:00:00
Höfundur : Stella Hrönn Jóhannsdóttir <stella@hsl.is>
Viðhengi image001.jpg
image004.jpg
image002.jpg

Sæll Egill.

HSL telur ekki þörf á að senda sérstaka umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna efnistöku í Skálabrekku í Bláskógabyggð.

Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, annarri en í viðauka I, skv. viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Mbk,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir

heilbrigðisfulltrúi
Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og geta innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og tóknum eða hlustar á smúði má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber hönnu að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skýlt er að geta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

From: Egill Þórarinnsson - SLS
Sent: fimmtudagur, 1. júní 2023 11:47

Umsögn Bláskógabyggðar

Til : Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
Frá : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Heiti : Umsögn Bláskógabyggðar
Málsnúmer : 202304016
Málsaðili : Heiðarás ehf.
Skráð dags : 15.06.2023 00:00:00
Höfundur : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>

Góðan dag

Hér er umsögn sveitarsjórnar Bláskógabyggðar frá 14.06.2023:

Námurekstur í landi Skálabrekku - 2211019

Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 01.06.2023 varðandi umsögn um matsskyldu vegna efnistöku Heiðarás ehf á efnistökusvæði E3 í landi Skálabrekku í Bláskógabyggð. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort

Bláskógabyggð telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Bláskógabyggð telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Erindi Skipulagsstofnunar og tilkynning Heiðarás ehf til ákvörðunar um matsskyldu eru lögð fram. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum í tilkynningunni og að hvorki sé þörf frekari skýringa né að framkvæmdin fari í umhverfismat. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Uggi Ævarsson
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
b/t Egils Þórarinssonar

föstudagur, 16. júní 2023
MÍ202306-0096/ 6.07 / U.Æ.

Efni: Efnisnáma í landi Skálabrekku, Þingvöllum

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið umsagnarbeiðni vegna enduroppnunar efnisnámu ofan Þingvallarvegar í landi Skálabrekku frá Skipulagsstofnun.

Minjavörður fór á vettvang þann 14. júní 2023 og tók svæðið (A392895 N416338) út með tilliti til fornleifa, gamalla húsa og mannvirkja. Malarslóði er til staðar að námunni. Skemmst er frá því að segja að engar minjar eru í námunda við gömlu námuna og heldur ekki þar sem stækkun er fyrirhuguð.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum á grundvelli menningarminja.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson
Minjavörður

@frit sent: vigfus@utu.is

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnstýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Þingvellir 24. nóvember 2022

Efni: Umsögn vegna malarnáms í landi Skálabrekku í Þingvallasveit.

Vísað er til erindis frá Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti er barst 10. nóvember með ósk umsögn Þingvallanefndar vegna umsóknar Heiðaráss ehf. um starfsleyfi fyrir malarnámu í landi Skálabrekku – miðhluta – L170163.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns er óheimilt að hefja nýjan atvinnurekstur á verndarsvæðinu sem er starfsleyfisskyldur samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í erindi Heiðarbæjar ehf. kemur fram ósk um að opna að nýju malarnám í eldri námu sem starfrækt var á landareigninni á árunum 2004-2006. Fyrir liggur einnig að unnið hefur verið að deiliskipulagi á jarðarhlutanum sem hefur verið samþykkt og auglýst 14. janúar 2022 af sveitarfélaginu Bláskógabyggð að undangengnum umsögnum umsagnaraðila.

Skálabrekka – miðhluti er rétt utan marka Þjóðgarðsins á Þingvöllum en jafnframt innan vatnasviðs Þingvallavatns og fellur því undir lög um verndum Þingvallavatns nr. 85/2005. Í fyrstu grein laganna kemur fram tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í þriðju grein kemur fram að innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.

Ljóst er samkvæmt umsókn Heiðaráss. ehf að hætta á mengun af starfsemiinni verður lágmarkuð á allan hátt og umgengni eingöngu á vegum landeiganda.

Samkvæmt umsókninni verður:

- Engin olfútankur verður í námunni.
- Engar vinnubúðir.
- Engin rotþró.
- Ekkert rafmagn.
- Ekki er gert ráð fyrir mölun eða hörpun jarðefna í námunni þó að ekki sé útilokað að það komi til síðar en þá yrði það alltaf tímabundin aðkeypt aðgerð.
- Engin losun mengandi efna yrði í námunni utan útblástur ámokstursvélar og flutningstækja.
- Engin úrgangur á að myndast í námunni.

Notkunin miðast að stórum hluta við not innan jarðar vegna uppbyggingar sem fyrirhuguð er á jörðinni og annarra framkvæmda.

Bent er á í umsókninni að framboð af jarðefnum innan Þingvallasveitar er afar takmarkað. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur yfir að ráða efnistökusvæði innan þjóðgarðsins sem er á aðalskipulagi. Það svæði er eingöngu ætlað til uppbyggingar og notkunar fyrir þjóðgarðinn og ekki selt eða nýtt fyrir aðra.

Af þeim sökum er hægt á fallast á að þær röksemdir að það sé til mikilla bóta að hægt sé að sækja malarefni í stað þess að aka þunglestuðum vörubílum um tæplega 50 -70 km leið í Þingvallasveit.

Svæðið er ofan við þjóðveginn þegar ekið er til norðurs Þingvallaveg. Staðsetning og lega námunnar er í hvarfi frá veginum og mjög auðvelt að vinna í námunni án þess að það sjáist nema úr mikill fjarlægð úr norðaustri.

Hauga má upp efni og aðlaga betur landi norðaustan megin í námunni til að dempa á ásjýnd úr þeirri átt. Hvatt er til að gæta almennt að ásjýnd námunnar gagnvart þjóðgarðinum á Þingvöllum en sjónmengum af starfseminni er minniháttar.

Tryggja skal að vélar og tæki sem notuð eru missi ekki olfu eða valdi staðbundinni mengun innan námu eða á vegum til eða frá henni.

Að öðru leyti gerir þjóðgarðurinn á Þingvöllum ekki athugasemdir við umsókn Heiðaráss ehf. um starfrækslu námu á tilgreindum stað.

Virðingarfyllt

f/h Þingvallanefndar

Einar Á.E. Sæmundsen
Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum